

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 85., 88. og 93. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1983 á eigninni Asbúð 43, Garðakaupstað, þingl. eign Pálinu Sigurðardóttur, fer fram eftir kröfu innheimtu ríkissjóðs á eigninni sjálfri mánudaginn 3. desember 1984 kl. 15.00.

Bæjarfógetinn í Garðakaupstað.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 76., 78. og 80. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1984 á eigninni Mosabarði 15, Hafnarfirði, þingl. eign Kristófers Bjarnasonar, fer fram eftir kröfu Hafnarfjarðarbæjar á eigninni sjálfri þriðjudaginn 4. desember 1984 kl. 13.45.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 76., 78. og 80. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1984 á eigninni Brekkuhvamm 2, Hafnarfirði, þingl. eign Birnu H. Bjarnadóttur, fer fram eftir kröfu Hafnarfjarðarbæjar og Útvegsbanka Íslands á eigninni sjálfri þriðjudaginn 4. desember 1984 kl. 14.30.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 76., 78. og 80. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1984 á eigninni Strandgötu 50, (hluta af lóð), Hafnarfirði, þingl. eign Vélsmiðju Hafnarfjarðar hf., fer fram eftir kröfu Hafnarfjarðarbæjar á eigninni sjálfri þriðjudaginn 4. desember 1984 kl. 15.45.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 76., 78. og 80. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1984 á eigninni Fögrukinn 9, Hafnarfirði, þingl. eign Trausta O. Lárussonar, fer fram eftir kröfu innheimtu ríkissjóðs á eigninni sjálfri þriðjudaginn 4. desember 1984 kl. 17.00.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 76., 78. og 80. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1984 á eigninni Bröttukinn 5, risibúð, Hafnarfirði, þingl. eign Sigríðar Þorleifsdóttur og Hjálmars Gunnarssonar, fer fram eftir kröfu Hafnarfjarðarbæjar og Ólafs Gústafssonar hdl. á eigninni sjálfri miðvikudaginn 5. desember 1984 kl. 13.30.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 76., 78. og 80. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1984 á eigninni Alfaskiði 82, 3. h.t.h., Hafnarfirði, þingl. eign Guðnýjar Baldursdóttur, fer fram eftir kröfu Hafnarfjarðarbæjar á eigninni sjálfri miðvikudaginn 5. desember 1984 kl. 14.45.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 76., 78. og 80. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1984 á eigninni Alfaskiði 90, 3. h.t.v., Hafnarfirði, þingl. eign Harðar Jónssonar, fer fram eftir kröfu Hafnarfjarðarbæjar á eigninni sjálfri miðvikudaginn 5. desember 1984 kl. 15.00.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 76., 78. og 80. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1984 á eigninni Alfaskiði 100, íbúð á jarðh., Hafnarfirði, tal. eign Brynjars Bragasonar, fer fram eftir kröfu Hafnarfjarðarbæjar, Landsbanka Íslands og Gestis Jónssonar hrl. á eigninni sjálfri miðvikudaginn 5. desember 1984 kl. 15.15.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 76., 78. og 80. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1984 á eigninni Alfaskiði 115, Hafnarfirði, þingl. eign Alfaskiðs sf., fer fram eftir kröfu Hafnarfjarðarbæjar, Baldurs Guðlaugssonar hrl. og Útvegsbanka Íslands á eigninni sjálfri miðvikudaginn 5. desember 1984 kl. 15.30.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 45., 48. og 52. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1984 á eigninni Gunnarshús v/Nýbýlaveg, þingl. eign Katrínar Harðardóttur, fer fram að kröfu Veðdeildar Landsbanka Íslands, Brunabótafélags Íslands og Landsbanka Íslands á eigninni sjálfri fimmtudaginn 6. desember 1984 kl. 11.00.

Bæjarfógetinn í Kópavogi.



Hrím-flokkurinn: frá vinstri eru Hilmar J. Hauksson, Wilma Young og Matthias Kristiansen.

HRÍMÖNDLUR

— þjóðlagatrío sendir frá sér plötu

„Platan okkar heitir Möndlur. Það er einstaklega misheppnuð þýðing á enska orðinu „NUTS“. En líklega á nafnið ágætlega við einmitt núna þegar jólin nálgast. Notar fólk ekki möndlur í graut og glögg?”

Matthias Kristiansen sagði þetta. Hann er í þjóðlagatríóinu Hrím sem nú er að stenda frá sér fyrstu hljómplötu sína. Aðrir í tríóinu eru Wilma Young fiðluleikari, Hilmar J. Hauksson sem leikur á öll möguleg hljóðfæri en sjálfur leikur Matthias einkum á gítar. Þeir Hilmar syngja og semja hluta efnis þess sem Hrím flytur.

„Upphaflega vorum við fimm í hljómsveitinni og lékum þá alls konar músík,” sagði Matthias. „Þegar Wilma bættist í hópin breyttist

margin. Hún er frá Hjaltlandseyjum og vakti áhuga okkar á þjóðlagatónlist, bæði frá Írlandi og Skandinavíu.”

Hrím var stofnuð fyrir þremur árum og æ síðan hefur hún leikið mikið erlendis. Það yrði of langt mál að telja hér upp allar ferðir hljómsveitarinnar til útlanda, en hún hefur leikið á flestum Norðurlöndunum, á Grænlandi og Glasgow á mikilli þjóðlagahátíð sem þar er reglulega haldin. Hrím hefur tvisvar sinnum verið boðið á þessa hátíð en slíkt mun vera afar fátítt. Það var einmitt hvatning frá gestum á Glasgow-hátíðinni sem varð til þess að Hrím dreif í að taka upp Möndlur sínar.

„Á plötunni eru sextán lög, öll fremur stutt,” sagði Matthias. „Um

það bil helmingur þeirra er saminn af okkur, öll sungin, en hinn helmingurinn er „instrúmental“. Það eru aðallega lög frá Írlandi, nokkur frá Skandinavíu og eitt kemur alla leið frá Ungverjalandi.”

Ætla Hrím að fylgja plötu sinni eftir með einhverjum hætti?

„Við ætlum að reyna það þótt við séum öll önnur kafin. Við erum í fullu kennarastarfi, öll þrjú. Ætli við látum ekki að mestu leyti nægja að leika á veitingastöðum um helgar, líkt og við höfum gert hingað til. Mér sýnist að okkar publikum haldi sig töluvert þar sem hægt er að fá bæði bjór og mat.”

Og möndlur, væntanlega.

-I.J.

Þrjár sýningar

— 11 listamenn sýna á Kjarvalsstöðum

Svo þú hefur áhuga á myndlist? Þá skaltu, sem oftast, leggja leið þína á Kjarvalsstaði í dag sem er laugardagur. Þar verða opnaðar þrjár sýningar, ólíkar innbyrðis, enda eru það alls ellefu listamenn sem sýna.

I eystri salnum sýna fimm ungir og íslenskir listamenn. Þeir eru Pétur Stefánsson, Steingrímur Þorvaldsson, Stefán Axel, Ómar Skúlason og Magnús V. Guðlaugsson. Enginn þeirra er nýgræðingur í listinni svo sem allir þeir vita sem hafa fylgst með vexti og viðgangi íslenskrar myndlistar. Þeir félagar sýna málverk.

I svonefndum vesturgangi verður í dag opnuð ljósmyndasýning. Þar sýnir Hörður Vilhjálmsson þrjátíu og fimm ljósmyndir og eru þær allar í fullum litum.

Loks koma svo fimm góðir gestir frá Gautaborg og sýna verk sín í vestursalnum. Þeir ku lengi hafa haldið hópinn; í sýningarskrá segir á þessa leið: „Þeir eiga allar rætur í því andrúmslofti sem ríkt hefur í málalari í Gautaborg síðastliðna fjóra áratugi og þeir lærðu allir í Listaskóla Valand á fjórða og fimmta tug aldarinnar.”

Gestir frá Gautaborg

Listamennirnir eru eftirtaldir: Tore Ahnoff sem malar náttúralískar eða expressjónískar myndir, sem og tilbúið landslag og sérlega vandvirknislegar landslagslíkingar;

Erland Brand sem færir sig æ fjær jörðinni með myndverkum er helst virðast tilheyra fjarlægri framtíð;



Íslensku listamennirnir sem sýna saman í austursal. Standandi eru Ómar Skúlason (lengst t.v.), Pétur Stefánsson og Steingrímur Þorvaldsson; fyrir framan þá krýpur Stefán Axel. A myndina vantar Magnús V. Guðlaugsson.

DV-mynd Bj.Bj.

Lennart Landqvist sem tekur form sín beint úr ríki sjálfrar náttúrunnar en mótar þau á sinn eigin hátt;

Lars Swan sem leggur landslag til grundvallar hugmyndafræðilegum vangaveltum sínum, meðal annars um jafnvægið milli hins mannlega og hins tæknilega, og loks:

Jens Mattiasson með víðan sjóndeildarhring sinn og fagurfræði.

I sýningarskrá segir enn fremur að

þessir fimm listmálarar séu mjög frábrugðnir hver öðrum í listrænni tjáningu, „en eiga samt sem áður margt sameiginlegt.”

Allar þær þrjár sýningar sem hér hafa verið nefndar verða opnaðar í dag klukkan tvö eftir hádegi, klukkan fjórtán. Þær standa síðan opnar allt fram til 16. desember og að venju eru Kjarvalsstaðir opnir frá klukkan fjórtán til tuttugu og tvö. Alla daga.

-I.J.